

## Fossvogbakkar, Háubakkar og Laugarás - Verk- og tímaáætlun

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

### 1. áfangi: Undirbúningur.

Tími: júní - október 2024

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Hagsmunaaðilagreining unnin.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru í hagsmunaaðilagreiningu.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

**Afurð:** Tilbúin verk- og tímaáætlun og hagsmunaaðilagreining til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samráðsaðilar upplýstir um að vinna við gerð áætlunarinnar sé hafin.

### 2. áfangi: Lýsing á svæðinu.

Tími: júlí - nóvember 2024

- Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir svæðið.

**Afurð:** Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

### 3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir.

Tími: október - desember 2024

- Fundað með samráðsaðilum. Hugmyndavinna, stefnumótun – Ef þörf.
- Unnin drög að 3. kafla áætlunarinnar. Samstarfshópurinn mun vinna áfram að stefnumótunsvæðisins, setja fram markmið og aðgerðir.
- Unnin drög að kortum eftir þörfum.

**Afurð:** Drög að 3. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

#### 4. áfangi: Greining á aðgerðum.

Tími: desember 2024 – febrúar 2025

- Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 3. áfanga eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk. Drög að aðgerðaáætlun unnin.
- Drög að áætlun í yfirllestur hjá Umhverfisstofnun.
- Unnið úr athugasemdum.

**Afurð:** Drög að aðgerðaáætlun.

#### 5. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur.

Tími: mars-apríl 2025

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.
- Almennangi gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir.
- Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

#### 6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla.

Tími: apríl 2025

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

**Afurð:** Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt greinargerð.

#### 7. áfangi: Útgáfa

Tími: maí 2025

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélags.